



# LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5b • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1166  
komudagur 24.1.2011

Reykjavík, 24. janúar 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Lögregluskóla ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum (afnám launagreiðslna lögreglunema í grunnnámi), 405. mál.

Lögregluskóli ríkisins er sammála þeim breytingum frá gildandi lögum sem fram koma í frumvarpinu þar sem að með þeim má ná því markmiði að draga úr rekstrarkostnaði vegna grunnnámsdeildar skólans án þess að draga úr gæðum námsins, m.a. með því að auka svigrúm við skipulag þess. Með breytingunum má ætla að tryggður verði stöðugur rekstrargrundvöllur deildarinnar þannig að skólinn geti reglulega brautskráð nægilega marga lögreglumenn til að uppfylla þarfir lögreglunnar næstu misserin.

Tekið skal fram að samráð var haft við Lögregluskóla ríkisins við samningu frumvarpsins.

F.h. Lögregluskóla ríkisins

Arnar Guðmundsson, skólastjóri